

Þetta var einn allsherjar hryllingur

Móðir geðsjúks manns lýsir ástandi sonar síns um síðustu jól og segir að sér hafi verið hótað

VELFERÐARÞJÓNUSTA. Kolbrún Norðdahl á son sem er veikur og er skjólstaðingur Geðhjálp. Eftir að umfjöllun um Geðhjálp komst í fjölmiðla segist hún ekki lengur geta orða bundist.

„Það var um síðustu jól sem gekk fram af mér,“ segir hún. Kolbrún hafði þá á orði innan fjölskyldunnar að hún ætlaði að sækja son sinn og leyfa honum að koma til sín um jólin.

„Börnin mín sögðu, mamma ekki fara, þú munt aldrei þola að sjá hvernig hann býr. Ég taldi mig geta þolað að sjá aðbúnaðinn. En ég gat það ekki. Það sem blasti við mér þegar ég kom til hans var einn allsherjar hryllingur. Að koma að syni sínum á aðfangadag, skítugum, tannlausum í

efri góm og þar sem hann hafði greinilega ekki verið baðaður í langan tíma var skelfilegt. Eftir að hann kom til mín undi hann sér ekki. Hann var þreyttur og var alltaf að sofna. Ég held að hann hafi verið máttfarinn vegna lyfja. Ég er ekki fær um að laga til í kringum hann, ég get það ekki. Veikindi hans hafa tekið mikinn toll af mér,“ sagði Kolbrún.

„Eins og ég sagði að þegar ég kom á Vesturgötuþa brá mér illilega við. Eftir að ég gerði mér ljóst hvernig ástatt var kvartaði ég - en á móti var mér hótað af starfsmönnum að ef ég gerði eitthvað í málinu myndi það skaða bæði hann og mig.“

Einn þeirra sem þekkir vel til seg-

ir að vissulega sé húsnæðið á Vesturgötu ekki gott - en hann bendir á að borgin útvegi þetta húsnæði til þessara nota og eins að þeir sem búa þar eru erfiðir sjúklingar.

Í niðurstöðum vinnuhóps sem kynnti sér stuðningsþjónustuna segir meðal annars að ekki séu starfandi eins margir starfsmenn hjá stuðningsþjónustunni og gert er ráð fyrir í samningum og eins að fagmenntun skorti.

Átökin innan Geðhjálpar halda áfram og á föstudag verður umdeildum aðalfundi framhaldið. Búist er við að heitt verði í kolunum. Starfsmenn stuðningsþjónustunnar, og einhverjir fleiri, ætla að freista þess að

fá úrskurð félagsmálaráðuneytis á lögmati aðalfundarins frá 31. mars - en eins og kunnugt er af fréttum leystist sá fundur upp vegna ósættis. ■



VESTURGATA 17
Kolbrún Norðdahl segir aðbúnað sonar síns vera hreinan hrylling